

Einar E. Sæmundsen.

DAGBÓKARSKÝRSLA SUMARID 1927.

## Dagbókarskýrsla sumarið 1927.

Voryrkjur í Reykjavík og umhverfi hennar.

Starf mitt hófst þetta vor, er plönturnar komu 23. maí.

### 24. maí, þriðjudagur.

Fór ég að hitta ýmsa þá menn, sem plöntur áttu að fá samkvæmt lista er skógræktarstjórinn afhenti mér áður en hann fór. Símaði ég til Ólafs Ísleifssonar til þess að vita hve mikið hann vildi. Þann dag símaði ég og austur að Minni-Borg til þess að biðja um að Örn yrði sendur af stað, en varð ekki not af samtalinu, svo að síma þurfti ég daginn eftir.

### 25. maí, miðvikudagur.

Skrapp ég austur á Hellisheiði, en þangað var komið með Örn á móti mér. Hélt svo að Lögbergi og var þar nóttina.

### 26. maí, fimmtudagur.

Hélt ég svo niður í Reykjavík.

### 27. maí, föstudagur.

### 28. maí, laugardagur.

Báða þessa daga vorum við Þorsteinn að afgreiða plöntur og dreifa þeim út um borgina. Einnig fór ég heim til sumra manna að grennslast eftir hve mikið þeir vildu, eða gætu fengið.

### 30. maí, mánudagur.

Skrapp ég upp að Grafarholti til þess að hitta Guðrúnu Björnsdóttur, en til hennar hafði Magnús á Blikastöðum vísað mér til þess að vita hvar U.M.F. ætlaði að gróðursetja. Sagði Magnús að deilt hefði verið um tvo staði: í Hamrahlíb, eða uppi á Víðir í Mosfellsdal, og vissi hann ekki hvor staðurinn hefði verið samþykktur. Þegar að Grafarholti kom, var Guðrún ekki heima, hafði brugðið sér í borgina, en þar gæti ég hitt hana.

### 31. maí, þriðjudagur.

Hitti ég Guðrúnu frá Grafarholti og sagði hún mér að valinn hefði verið staður sá undir Hamrahlíb, er Magnús á Blikastöðum hafði heitið, og væri því bezt að ég sneri mér til hans. Einnig sagði Guðrún mér að skógræktarstjórinn hefði lofað efni til þess að girða blettinn með.

Þennan dag kallaði ég þá upp í síma Guðlaug í Tryggvaskála og Símon á Selfossi, en þeir stóðu báðir á lista þeim, sem greindi þá menn er plöntur áttu að fá. Sagði Guðlaugur að hjá sér væri

jarðvegurinn óundirbúinn og ógirt með öllu. Vildi hann heldur bíða til næsta vors. En Símon var ekki viðlátinn og kom kona hans í símann. Sagði hún að komnar væru plöntur frá Einari Helgasyni, en ókunnugt um hvort bóndi sinn ætlaði að gróðursetja frekara en þær. Þó skyldi mér verða gert aðvart þar um, en úr því varð þó ekki og Símoni engar plöntur sendar.

Að öðru leyti var ég að snúast vegna plantna þennan dag.

#### 1. júní, miðvikudagur.

Kvaddi ég sr. Einar Thorlacius í Saurbæ í síma að Kolastabakoti, til þess að ræða við hann um gróðursetningu kringum Hallgrímslind. Sagði prestur mér að jarðvegurinn væri með öllu óundirbúinn, svo að mér fannst þá lítil ástæða til þess að fara uppeftir, með því líka að það var þá komið á daginn að plönturnar (þær íslenzku) mundu alls ekki fullnægja eftirspurninni í Reykjavík. Varð þá að samkomulagi milli mín og klerks að fresta gróðursetningu kringum Hallgrímslind að því sinni.

Þennan dag var ég svo enn við að afgreiða plöntur og ganga milli manna.

#### 2. júní, fimmtudagur.

Skrapp ég upp að Blikastöðum og hitti Magnús heima; fór hann með mér og sýndi mér svæði það er hann hafði látið U.M.F. eftir og sagði það vera það sama og skógræktarstjórinn hafði skoðað þá um veturinn. Mældi ég þar fyrir girðingu.

Seinni hluta dagsins sagði ég fyrir um undirbúningi á garði innarlega við Laugaveg hjá Ragnhildi frá Engey. Þennan dag byrjaði Þorsteinn ásamt Bjarna frá Laugardalnum að gera við girðinguna um Tjarnargarðinn. Veiktist Þorsteinn þar um kveldið og ekið upp á spítala, þar sem gerður var á honum skurður upp á líf og dauða.

#### 3. júní, föstudagur.

Gróðursetti ég á tveim stöðum og afgreiddi plöntur.

#### 4. júní, laugardagur.

Hafði ég Benedikt Jakobsson með mér á snúningum við plöntuafgreiðslu. Skrapp ég um kveldið upp að Hamrahlíð með plöntur og girðingarefni (2 vírnet 100m og 47staura) Dvaldi ég þar litla stund, að segja þeim fyrir um gróðursetninguna. Valdi ég skásta hvamminn, en mjög var hann grýttur, svo bera þurfti mold að til að fylla holurnar. En skurði þorði ég ekki að grafa, vegna vatnsrennslis úr fjallinu og hafði Magnús tekið mér vara fyrir því.

7. júní, þriðjudagur.

Hafði ég Benedikt enn við snúninga með mér, en sjálfur gróðursetti ég upp í kirkjugarði fáeinar plöntur, og víðar.

8. júní, miðvikudagur.

Var ég mestallan daginn hjá Benedikt Sveinssyni forseta að flytja hjá honum gamla ribsrunna og undirbúa nýjan garð. Afgreiddi þó plöntur og hafði með mér Benedikt Jakobsson í snúningum.

9. júní, fimmtudagur.

Var ég enn hjá Benedikt Sveinssyni og Benedikt Jakobsson, er tók kaup fyrir starfa sinn þennan dag hjá nafna sínum.

Hitti ég Kristján Ólafsson í Völundi og seldi honum 8½ kg. af efnivið (birki). Halldór Arnórsson, gerfilimasmið fann ég einnig, en hann átti líka að fá efnivið. Kvað hann sér ekki liggja á því, þá um hríð, en mundi láta mig vita síðar. Þóvarð ekkert úr því, enda afhenti ég honum aldrei neitt birki.

Næstu dagana þrjá, lá ég rúmfastur í slæmu kvefi.

15. júní, miðvikudagur.

Gróðursetti ég hjá Þórarni Kjartanssyni fáeinar plöntur.

18. júní, laugardagur.

Hitti ég skógræktarstjóran inn í Sogum, en hann var þá að fara til Þingvalla. Bað hann mig þá að koma plöntunum fyrir, sem eftir stæði í Tjarnargarðinum; sumpart að gróðursetja þær á Útnorðurvelli barnaskólans, en koma því, sem eftir stæði inn að Héðinshöfða til Matthíasar læknis Einarssonar.

Náði ég þá í Bjarna frá Laugardælum og gróðursettum við á Útnorðurvelli barnaskólans 35 rubiner, 7 beyki og 1 caraga. Var ekki rúm þar fyrir fleiri plöntur. Þjuggum við um afganginn (utan fáeinar plöntur sem ég fór með tilfrú Emelíu á Freyjugötu 25) og fór ég með þær inn að Héðinshöfða daginn eftir (það urðu 20 rubiner, 6 viðir og 2 sólber.)

19, 20 og 21 júní reyndi ég að ná samband við Jóhann í Skógarkoti, en ýmist var síminn bilaður, eða ég fékk það svar að Jóhann væri að smala inn í fjöllum. En við hann þurfti ég að ráðfæra mig um væntanlegt hríshögg þar í hrauninu. Loksins tókst mér að ná sambandi við Jóhann 22. júní og óskaði hann þá eftir mér sem allra fyrst til leiðbeiningar eins og að undarförnu. Sagði ég þá skógræktarstjóranum frá þessu og kvað hann ekkert því til fyrirstöðu að ég færi þá þegar. Fékk ég leyfi til þess að taka með mér Eypór Þórðarson, austfirðing, en hann hafði farið þess á leit að fá að kynnast grisjun. Mátti ég gjalda honum 6 kr. á dag að viðbættum vífreiddar-kostnaði fram og aftur.

Þingvallaför.

23. júní, fimmtudagur.

Fór ég austur í Þingvallasveit ríðandi, en Eypór Þórðarson á bíl, og átti hann að vera mér til aðstoðar við grisjunina. Fórum við að Skógarkoti um kveldið og vorum þar nóttina.

24. júní, föstudagur.

Vorum við 6 saman í skógi frá Skógarkoti og grisjuðum nálægt Hríshól og þar í kring.

25. júní, laugardagur.

Enn í skógi frá Skógarkoti uppi á svonefndum nærri Hrafna-gjá. Þar er gamall og sver skógur og voru lurkarnir höggirnir úr, til að flytjast heim, en limið lét ég leggja í flög til hlífðar gegn uppblæstri.

26. júní, sunnudagur.

Sambandsfundur er M.F.I. á Þingvöllum og messað upp í gjá. Fórum við þangað.

27. júní, mánudagur.

Enn í skógi í Skógarkoti, og þá grisjað í smákjarri vestan og neðan við Hrísklett.

28. júní, þriðjudagur.

Vorum við 4 saman í Þingvallaskógi með gjánum upp frá Vatnsvíkinni. Var þar með Gíslí Sigurðsson til þess að kynnast betur grisjun og með það fyrir augum að hafa ef til vill umsjón með skógarupptöku bænda framvegis. Áætluðum við að fallið hefðu þennan dag um 35-40 hestar.

29. júní, miðvikudagur.

Slagviðrisrigning fram undirnnón. Fórum við dálitla stund og grisjuðum fyrir Jóhann austur með veginum. Var ég kallaður í símann, en mistök voru á tilkynningunni svo að ég náði ekki sambandi við skógræktarstjóranum fyrr en kl. 11 um kveldið. Skýrði hann mér þá frá að veru minni skyldi lokið þar eystra í bráð og kæmum við báðir suður daginn eftir.

30. júní, fimmtudagur.

Héldum við báðir suður við Eypór. Mætti ég skógræktarstjóranum hjá , sem sagðist fara morguninn eftir upp í Borgarfjörð, en koma aftur á þriðjudag, en bað mig að aðstoða Þorsteins bræður með að útbúa dót sem sendast ætti til Þórsmerkur, og gerðum við það daginn eftir. Var þá för þessari lokið og höfðu í hana farið 8 dagar.

Um Eypór Þórðarson vil ég sérstaklega taka fram, að hann reyndist sérlega lipur og lagvirkur verknaður við grisjunina. Væri því óhætt að fela honum grisjunarstarf ef svo bæri undir. Hann hefir um margt ár fengist við garðrækt og gróðursetningu, t.d. nú í vor hjá Einari Helgasyni og komið sér þar vel. Langaði hann til að vinna meira á vegum skógræktarinnar, en í sumar var þess enginn kostur.

Þórsmerkurför,

dvölin þar, eftirlitsstarfið o.fl.

7. júlí, fimmtudagur.

Lagði ég af stað úr Reykjavík og hafði með mér son minn, Einar litla; kalseveður og rigning. Símaði frá Ölfusá að Þjórsá til þess að tryggja mér þar gistingu. Náði þangað laust fyrir miðnætti og var þar nóttina.

8. júlí, föstudagur.

Símaði ég um morguninn til konu minnar um að senda mér skeifur, sem ég hafði gleymt heima, en ætlað að hafa með mér. Einnig símaði ég til Árna í Múlakoti. Sagði hann mér þá að hann hefði um morguninn lánað hesta og mann til þess að fara með Jóni Þorst. með flutning okkar skógarmannanna inn í Mörk. Þótti hepplegra að ljúka þessu af, vegna þess að daginn eftir voru kosningarnar, og menn og hestar uppteknir.

Hélt ég svo af stað og austur að Múlakoti. Hafði Þorsteinn þá farið inn að Barkastöðum til þess að rýma fyrir gestum sem von var á (Larsen málara og Ragnari Ásgeirssyni) og varð ég þeim þar samnóttu.

9. júlí, laugardagur.

Um kyrrt í Múlakoti, að öðru leyti en því, að um kveldið þegar Árni kom af kjörfundinum, skruppum við inn að Barkastöðum til þess að vita um heilsan Þorsteins og ákveða frekar um ferðina inneftir. Var Þorsteinn furðu brattur, hafði ekkert orðið um að ríða þangað, en réttara þótti samt að hann hvíldi sig yfir helgina, og hugsa ekki til ferðar fyrr en mánudag. Héldum við Árni svo heim.

10. júlí, sunnudagur.

Um kyrrt í Múlakoti.

11. júlí, mánudagur.

Fórum við allir inneftir. Fékk ég Brynjólf í Fljótsdal til þess að reíða Einar litla fram yfir vötnin. Héldum við svo inn í

Húsadal slóum tjöldum og bjuggum um okkur yfir nóttina. Fengum heimsókn af þeim Svanhildi Þorsteinsdóttur og Soffíu Túblas, en þær bjuggu í tjaldi norður í Hamraskógum.

12. júlí, þriðjudagur.

Þennan dag var Jón eingöngu við heimilisstörfin, sækja dót upp í Snorraríki og búa um okkur til fullnustu, og Einar að snúast með honum. En Þorsteinn fór með Soffíu Tubals og Svanhildi upp að Rjúpnafelli til þess að athuga girðinguna og bilanir á henni. Sjálfur var ég í skógi með Fjallamönnum allan daginn. Var Sæmundur í Mörk þar með 9 menn og bað mig að líta eftir högginu. Var grisjað allmikið sunnan megin í Húsadal, og ætluðu þeir að sækja það seinna í sumar, sem fórst þó fyrir að mestur leyti. Um kveldið kom all margt fólk framan undan fjöllum, sem var að skemmta sér inn í Stóra Enda um nóttina,

13. júlí, miðvikudagur.

Allmikil rigning framan af deginum. Gerðum við Jón við girðinguna í Húsadal frá hliðinni og vestur í fljót. En hún var bæði slitin og í aur í rásinni vestan við hliðið.

14. júlí, fimmtudagur.

Ríðum við Jón inn í Tindfjallagil með efni og áhöld á hesti og vorum þar allan daginn að gera við. Girtum yfir vatnsrásina, en þar var girðingin slitin og strengdum svo upp og bættum tvær næstu strengingarnar upp í Svínatungur. Slasaði ég mig í handlegg, skall aftur fyrir mig á mölina, er ég var að toga netið yfir rásina og rak hægri olnbogann svo illa niður, að ég mátti varla hræra handlegginn þegar á daginn leið. Þennan dag kom skógræktarstjórinn snögga ferð og fór aftur fram í Hlíð um kveldið.

15. júlí, föstudagur.

Var ég svo illa haldinn í handleggnum, að ég lá að mestu fyrir. Fengum við þá Soffíu Tubals til þess að fara með Jóni upp að Rjúpnafelli og aðstoða hann við að gera við girðinguna. Fór Einar með þeim til þess að gæta hestanna. Tókst þeim að bæta allar bilanir og gera girðinguna fjárhelda alla leið niður þangað, er við Jón vorum komnir daginn áður. En af því að ég bjóst ekki við að geta neitt daginn eftir, en ferð féll fram í Hlíð, gerði ég Jóni í Fljótsdal orð um að skreppa hann eftir og hjálpa nafna sínum að gera svo við girðinguna að hún mætti fjárheld verða í bili. Þurfti að hraða þessu svo, að hægt yrði að smala upp úr helginni og ljúka því áður en sláttur byrjaði, sem verða mundi þá í vikunni. Varð og Jón vel við orðsendingunni og kom þegar um kveldið og með honum Barkastaðarsystur og Ólafur Bergvinsson. Varð það allt nóttina.

16. júlí, laugardagur.

Vóru þeir snemma á fótum Jónarnir og fór Ólafur með þeim og hjálpaði þeim til, svo fyrr yrði búð og að Jón Þorsteinsson gæti orðið samferða Barkastaðafólki heim seinni hluta dagsins. Var gert við skriðuna í Valahnjúk og henni lokað, en látið bíða að hressa við spotta þann, sem í aur hafði farið vegna framburðar Krossá, með því að enn nokkur fóru í ánni vestan við Hvanná. Þá reistu þeir og upp staurana vestan undir Valahnjúk, sem deilan hefir verið um að lagðir hafi verið niður af mannavöldum, en engir viljað kannast við. Hresst var og upp á álmuna frá Tindfjallagili og út að hliðinu í Hamraskógum, svo að hún mætti fjárheld heita, en vitanlega með það fyrir augum að gera hemni betri skil síðar, berja niður staura og fleira. Þöldum við þá að girðingin væri þar trygg orðin að óhætt mundi að smala. Þó var öllum ljóst, að þar sem fljótið hafði lagst frá hömrnunum í Hamraskógum mundi mega gera ráð fyrir að fé sem leitaði fram Kápu rynni með Þröngá fram aurana og upp í torfurnar norðan við Húsadal. Gerðum við þá Árna í Múlakoti orð að koma með smalana inn eftir á mánudag. Komu Eyfellingar með rekstur og fylgdi Þorsteinn þeim inn úr hliði. Á milli 30-40 manns úr Landeyjum og undan Fjöllum voru að skemmta sér í Þórsmörk þessa nótt.

17. júlí, sunnudagur.

Afskaplegt flug í Markárfljóti, byrjaði um nóttina og óx svo fram eftir deginum að það var sem hafsjó að sjá milli Lausöldu og Þórólfsfells. Landállinn við Húsadal, sem venjulega var aðeins í hófskegg varð rúmlega í kvið. Kom rekstur ca 400 fjár og mest lömb undan Fjöllum og sóttist þeim afskaplega seint vegna þess hvað óx í vötnunum. Fylgdi ég þeim alla leið inn að Þröngá og lagði svo fyrir að þeir skildu ekki við safnið fyrr en norður undir Ljósám. Fór ég til baka fram með fljótinu og sá mér til mikillar gleði að það var nú komið upp að hömrnunum og engri skepnu þá fært fram úr. Um kveldið dró úrfluginu og fór þá að lækka í vötnunum. Mátti heita að þverá væri þennan dag ófær allt út undir Múlakot, en vanir menn slörkuðu þó yfir hana, fram af Barkastöðum.

18. júlí, mánudagur.

Kom Árni í Múlakoti með smalann og voru þeir 6 saman. Fórum við Jón með þeim. Ríðu allir inn undir Hruna, sem er á móts við Múlatungur innst undir jökli Goðalandsmegin. Þar skiftu menn sér, fóru 3 á Múlatungur, en 3 upp á Útgönguhöfða. Vórum við 2 fyrst með hestana á móts við Teigstungur. En þar komu þeir sem smöluðu Múla og Teigstungur. Var ætlunin að reka féð fram yfir Krossá, en það slapp út í Mörk og var þá látið nægja að siga því út brekkurnar innan við



Búðarhamarog láta það bíða til næsta dags. Fóru þá allir yfir á Góðaland og smöluðu þar nema við Árni, sem vorum með hestana og í fyrirstöðu, svo að féð rynni ekki til baka neðan undir í Básam. Gekk greiðlega að smala fram Bása og Réttarfell. Taldist okkur þá að safnið mundi vera um 200 fjár með lömbum, en 16 kindur höfðu sloppið til baka í Útigönguhöfða, sem enginn kostur var að ná. Safnið rákum við svo upp í Laugardal og héldum síðan til tjalda og var þá Ólafur Bergvinsson kominn til þess að smala daginn eftir.

19. júlí, þriðjudagur.

Vorum við á fótum kl. 3 um nóttina og allir ferðbúnir kl. 4. Riðum við inn Krossáraura og allt inn í Hestagötur, sem er alllangt inn af Búðarhamri á mótis við Teigstungur inn undir jökli. Var þar skift í leitir. Fóru 3 upp að Rjúpnafelli og áttu þeir að smala Svínatungur, norðan í Tindfjöllum, og Hamraskóga. Eftir Tindfjöllum fór einn og bendir hann öllum hinum. Framan í Mörkinni voru þrír: einn brúnamaður og 2 neðar í brekkunum, auk okkar Bjarna í Háamúla og Einars litla, sem allir vorum ríðandi að aurunum til þess að verja fénu fram yfir Krossá. Var sá starfi ærinn þegar fram undir Stöng kom. Sótti þá féð ákaft yfir á Góðaland, svo að við vorum á sífelldum spretti fram og aftur og stundum upp í dalina og gilin að stugga því áfram, sem eftir vildi verða. Þorsteinn rak alla lausu hestana út í Langadal og var svo þar í fyrirstöðu til þess að varna fénu að stökkva vanalegar smalagötur fram skriðuna sunnan í Valahnjúk. Um þetta hefi ég fjölyrt, svo að ljóst megi verða, að eigi að smala mörkina sauðlausa, og ekki missa neitt fram yfir Krossá, þó þarf varla að gera ráð fyrir að fæfri en 8-9 menn geri það, og allir með góða hunda. Svo erfitt er þarna að smala sökum brattlendis, hamra, gilja að skógarbrekkunum ógleymdum, sem kunnugt fé sækir í til þess að fela sig og lognast aftur til baka. Og komist fé, t.d. framan á mörkinni, aftur fyrir smalaná, er enginn kostur að elta það uppi í það sinn. Við sem á aurunum voru sáum líka um 20 kindur sleppa, sumar fóru að vísu "í stans" í klettunum (ekki hægt að komast að þeim, og kvað það vera alvanalegt.)

Þegar fram í Húsadal kom, riðum við þrír fram í Rana til þess að standa þar fyrir fénu. Hófst þá önnur þrælareiðin þar, því svo sótti féð ákaft á, að við máttum tæplega viðnám veita, þó við værum allir á harðaspretti fram og aftur. Töpuðum sjálfsagt um 50 kindum fram yfir, þangað til fleiri komu ríðandi til hjálpar. Gátum við þá

hamlað á móti og hrökt safninu upp að réttinni og inn í hana. Taldist þá kunnugum til að safnið mundi vera um 500 fjár með lömbum.

Tóku nú smalarnir, sem fé áttu þarna að rýja og marka. Var svo sleppt í Ranann utan girðingar um 120 (með lömbum) og var það af útigöngufénu, sem gengið hefir í Þórsmörk, en það var aðeins fé þeirra manna, sem þarna voru staddir. Fé hinna, sem fjarverandi voru, var ekkert skift sér um nema ærnar rúnar. Hinn hluta safnins, sem við gizkuðum á að væri að minnsta kosti yfir 350 talsins rákum við svo yfir Húsadal, innúr Hamraskógum og skildum ekki við það, fyrr en norður undir Ljósám, en það eru grasgeirar inn með fljótinu norðan við Kápu. Urðu þeir eftir við hliðið Jón Þorsteinson og Brynjúlfur úr Fljótsdal til þess að aðgæta girðinguna vestur af hliðinu, því að þar þóttust smalarnir hafa séð hóp fara í gegnum girðinguna. Fundu þeir slitið sig og gerðu við það.

Af Kápu töldum við 16 kindur innst í Hamraskógum og með Tindfjöllum, sem orðið hefðu eftir og líklegt að ekkert af þeim væru sömu kindurnar, sem áður er getið um að orðið hefðu eftir framán í Mörkinni. Um kl. 7 síðdegis komu allis saman í Húsadal og voru þá flestir hvíldinni fegnir. Eftir að allir höfðu hresst sig á mat og kaffi héldu Hlíðarmenn heim, en við tókum náðir á okkur í fyrra lagi.

#### 20 júlí, miðvikudagur.

Um nóttina hafði Eggert Briem frá Viðey og Jón skrifstofustjóri Sigurðsson frá Kallaðarnesi ásamt fleirum, tjaldað í Langadal. Lá fólk þetta um morguninn, 6 sundvotar kindur í Langadal, sem að líkindum hefðu komið framán yfir Krossá og fyrir girðingarendann við Hvanná. Var því auðsætt að tryggja þurfti þar betur. Seinni hluta dagsins fórum við Þorsteinn norður í Hamraskóga. Sáum við þá allvíða fé á rennsli um Kápu og fram úr þróngum hafði dálítill hópur (8 kindur) runnið og stóð hann á eyrinni undir hamrinum en komst ekki fram yfir fljótið, sem féll að hamrinum, en virtist þó vera að leggjast aftur frá.

#### 21. júlí, fimmtudagur.

Fórum við Jón að gera betur við girðinguna í Hamraskógum (álmann frá Tindfjallagili og vestur úr). Mættu okkur þá hjá tjaldstæðinu í Hamraskógum 4 kindur fyrst og litlu síbar 7. Virtist fé þetta vera rennsli og þótti okkur það undarlegt. Fórum við því og aðgættum betur girðinguna. Kom þá í ljós að sig hafði hrokkið í lægð vestan við hliðið og þar greiður gangur undir girðinguna. Líklegt því að þessar kindur hefðu þá nýsmogið í gegn. Á öðrum stað

nálægt Tindfjallagili var að sjá að kindur höfðu troðið sér undir við þarð, en lítil brögð að því; fór sáum við eftir 2 eða 3 kindur. Alls urðum við varir við í Hamraskógum og inn um brekkurnar upp af Tindfjallagili um 20-30 kindur. En utan girðingar, bæði í skóginum, í þröngum og víðsvegar um Kápu var allmargt um fé og sumt af því á sífelldu rennsli, einkum þó með girðingunni í Tindfjallagili. Rann það með girðingunni úr Tindfjallagili og dálítið upp eftir Svínatungum, en sló sér þó vestur á og niður í Þröngárgil. Engu líkara en að það veigraði sér við að leggja leið sína upp eftir gróðurleysi því, sem er á Svínatungum. Þykir mér því sennilegt, að Hlíðarmenn geri of mikið úr því að fé renni mikið með girðingunni upp Svínatungu. Að minnsta kosti sáum við engin rök til þess hvorki þá né síðar. Hitt má aftur vera, að fé það sem slórir í Þröngárgili naldi með tímanum upp eftir og í Rjúpnafellsgil. Liggur þá fyrir því, að lenda í Rjúpnafelli og leiðin þá opin inn í Mörk.

Gerðum við girðinguna svo trausta að hún dugir að minnsta kosti fram á næsta vor. Fór nokkur stund í að endurbæta hamrana við girðingarendann niður með Þröngá, því að þar virtist eins og kindur hefðu komist upp, þó ekki hafi verið mikil brögð að því.

#### 22. júlí, föstudagur.

Girtum við Jón á Krossáraurum (frá Hvanná og vestur með Krossá). Er girðingarspotti sá 80 metra og ætlast til að hann sé tekinn upp í haust. Þóttumst við þá hafa fyrirbyggt það að fé kæmist framan yfir Krossá og inn á Mörk, enda gátum við aldrei séð merki til þess síðar um sumarið. Seinni hluta dagsins fórum við upp á Valahnjúk og lömdum niður staura þá á hæðinni vestan við hann, sem mest hefir verið þrátt að um hvort teknir mundu hafa verið upp af mannavöldum eða ekki Töldum við eins og fyrri, að staurarnir hefði alls ekki getað raskast, eða lagst út af, nema mannhönd hefði verið þar að verki. Og þegar Jón hafði lamið þá niður að nýju, eins og hann hafði orku til, þótti okkur óþarft að steypa í kringum þá, eins og ráðgert hafði verið. En til frekari tryggingar kom okkur saman um að strengja sig til beggja hliða út frá þeim staurum, sem hæst bar á, þeirra er lagðir höfðu verið niður.

#### 23. júlí, laugardagur.

Fórum við allir fram í Hlíð. Í Fljótsdal fékk ég þá bræður til þess að hjálpa mér að járna hesta mína og laga undir þeim. Hélt svo að Múlakoti um kveldið.

(Skyndiför út á Land)

24 júlí, sunnudagur.

Reyndi ég að ná símasambandi suður, en tókst ekki. Héldum við svo Þorsteinn og Einar litli áleiðis út á Land og gistum að Einari alpm. á Geldingalæk um nóttina.

25. júlí, mánudagur.

Héldum við frá Geldingalæk og út yfir Rangá á Þingskálanesi. Er þar ágætt vað. Komum að Hvammi á Landi og hittum Eyjólf bónda. Vissi hann ekkert um Gunnlaug sandgræbbluvörð, en talið barst að hrístöku til sandgræbblu. Hélt hann að eitthvað hefði verið tekið upp í Lambhaga í vor í þessu skyni, og mundi þó varla mega teljast skógur þar aflögu til þess. Í Merkiholi væri aftur á móti engin skortur á skógi í þessu skyni, en mundi þykja af fjarri nema þá efst á Landinu. lét Eyjólfur á sér skilja að honum þætti miður, að enginn maður hefði verið sendur frá Skógræktinni til þess að hafa umsjón með höggi í Merkihol þá um vorid. Kvaðst hann engum hleypa í skóginn, því sjálfur væri hann orðinn stírbur og tæplega fær um að líta eftir mönnum. En skógurinn þarfnabist brábrar grísjunar, en treysti ekki að það yrði samilega gert nema með íhlutun og yfirumsjón frá Skógræktinni. Taldi Eyjólfur að slík grísjun væri bezt komin að vorinu. Þá mundi hægast að ná bændum saman og veðráttu tryggari. Síður að byggja á haustinu, tíð þá stopul og allra veðra von þegar lokið væri almennum haustyrkjum, auk þess, sem mörgum væri þá illa við að hreyfa hesta til hrísflutnings.

Frá Hvammi fórum við að Skarfanesi og riðum með girðingunni. Stób hún vel. Finnboga hittum við á engjum innan girðingar og var mikill munur að sjá gróðurinn þar eða fyrir utan. Þar virtist allt sviðid, enda gengur þar fjöldi sauða og stórgripa allt sumarið. Um Lambhaga fórum við talsvert. Þaðan voru látnir um 20-30 hestar til sandgræbblu. En ég tók þvert fyrir að það yrði oftast gert, því hrís verður þar ekki aflögu fyrst um sinn nema til heimilisnotkunar, og kannske tæplega það ef miklu er brennt. Annars er skógurinn þroskavænlegur og allmikið af ungum og lífvænlegum fræplöntum sáum við þar. Er því ekki að efast um að þarna muni á næstu árum vaxa upp álitlegur skógur og breiðast út, enda virðast þeir Finnbogi og synir hans hafa áhuga fyrir því, að svo megi verða.

Frá Skarfanesi héldum við austur hraun og að Galtalæk, náðum þangað síðustu háttamálum. Var þar talsvert gesta fyrir, en fengum þó ágæta gistingu.

26. júlí, þriðjudagur.

Héldum við frá Galtalæk og um Hraunteig. Fórum við talsvert um skóginn og er mikill munur að sjá hann nú eða áður en byrjað var að grísa hann. Og þó að summs staðar hafi kænnske í fyrstunni verið fullmikið aðgert, eru runnarnir óðum að þéttast. Og í slakkanum vestur við gamla vaðið á Rangá má nú orðið grísa á ný og víðar þar sem við vorum að höggva á þeim árum er Guðmundur á Hofi fór með eftirlitið. Þaðan héldum við svo suður Rangáveíli um Haukadal, Kot og keldur. Þaðan austur yfir Rangá og upp með , framan undir Þríhyrning, framhá Vatnsdal og komum niður í Fljótshlíð hjá Tungu og á veginn rétt hjá Stóra-Kollabæ. Er þetta greiðfær leið og umhverfið mjög fagurt. Að Múlakoti héldum við um kveldið og vorum þar nóttina.

27. júlí, miðvikudagur.

Beið ég eftir síma. Vantaði mat og ýmislegt að sunnan, sem ég þurfti að fá, en náði aldrei sambandi við konuna. Var ég þá svo heppinn að ég hittí kunningja okkar hjónanna, sem suður fóru um kveldið og með honum skrifaði ég. Hætti ég svo við að fara inn eftir. En Þorsteinn fylgdi fólki inn á Mörk og kom aftur fram seint um kveldið. Sagði hann að Jón hefði dvalið innfrá með unnustu sinni á meðan við vorum í Landferðinni.

28. júlí, fimmtudagur.

Fórum við inn á Mörk og með okkur Kjarval málari, sem skoða vildi sig þar um bekki.

29. júlí, föstudagur

Fór Jón upp að Rjúpnafelli um Svínatungur. Sá hann talsvert slangur af fé innan girðingar og taldi þar um 40 . Var sumt efst upp í Rjúpnafelli, en þó aðeins fáar kindur.

30. júlí, laugardagur.

Fórum við Þorsteinn um Hamraskóga og niður á aura. Var þá fljótið lagst frá hamrinum og aðeins Þröngá, sem rann þar með og dreifðist fram aurana. Veitti hún ekkert viðnám, enda sáum við nýjar slóðir eftir fé, sem komið hafði innan úrþröngum og runnið fram aurana og upp í torfurnar norðan við Húmadal. Voru þó enn ekki mikil brögð að því, en auðsætt að lokið væri þeirri vörn, sem fljótið veitti á meðan það féll að hamrinum. Höfðum við ekki girðingarefni til þess að loka fyrir milli fljóts og hamra, enda óvíst að gera megí

það svo einhlýtt sé, nema þá stutta stund. Sennilega að takast mætti að loka milli hamranna innar í Þröngum, nálægt því, sem girðingin endar á Hamraskógum. Að minnsta kosti er von um að hún geti þar staðið að mestu leyti óhreyfð ár frá ári, nema þá einhver lítill spotti yfir sjálfa Þröngá.

Fór Jón fram að Barkastöðum en við hinir hugðum ekki til ferðar.

#### 31. júlí, sunnudagur.

Fékk ég skeyti frá Árna um að komið væri til mín dót að sunnan, en það svo mikið að ekki yrði því komið með ferðafólki inneftir, eins og ég hafði gert ráð fyrir. Skrapp ég því fram eftir um kveldið með fólki, sem var þar á ferðinni og var í Múlakoti um nóttina.

#### 1. ágúst, mánudagur.

Símaði konan til mín frá Þjórsá og kvaðst vera á ferðinni inn í Hlíð. Hætti ég þá við að fara inn eftir, en sótti konuna út að Þverá og vorum við í Múlakoti nóttina.

#### 2. ágúst, þriðjudagur.

Um kyrrt í Múlakoti.

#### 3. ágúst, miðvikudagur.

Fór ég inn á Mörk og konan með mér.

#### 4. ágúst, fimmtudagur.

Þótti okkur allmargt fé orðið í Langadal og Húsadal og töldum líklegt að margt af því hefði komið fram úr Þröngum eftir að fljótið sló sér frá hömrinum. Tókum við okkur þá til og smöluðum Slippugil, Langadal, Valahnjúk og Húsadal. Var það erfitt svo fáum mönnum og hundlausum, en nokkur hjálp að Kjarval og kona mín stóðu fyrir á verstu stöðunum.

Árangurinn varð sá, að 113 kindum komum við út úr girðingunni, en 16 sluppu hjá okkur í Langadal. Seinni hluta dagsins grísjafi Jón dálítið í Húsadal, hafði byrjað á því á meðan ég var fyrir framan fyrri hluta vikunnar.

#### 5. ágúst, föstudagur.

Fórum við Jón norður í Hamraskóga og felldum þar nokkrar stórar hríslur fyrir Árna í Múlakoti og Úlfar í Fljótsdal. Bundum þær í 10 bagga, sem þeir ætluðu svo að fleyta fram fljót, þegar þeir mættu vera að því. Lofaði ég þeim þessu áður en Jón færi sem borgun fyrir margs konar greiða er þeir höfðu veitt okkur á ýmsan hátt og án endurgjalds.

Seinni hluta dagsins grisjaði Jón enn í Húsadal en ég fór inn í Stóra Enda með konu minni. Á þeirri leið taldi ég 45 kindur (í Slippgiljum, Litla Enda og Stóraenda, en þar var flest, um 30 og þar víðsvegar um brekkurnar. Uppá Stangarhóli gengum við og sá ég þá um Bása, Gobaland og Réttarfells alls 18 kindur.

En þessi fjárfjöldi í StóraEnda þótti okkur líklegt að stafaði af því að þangað hefði féð stýggst daginn áður er við vorum að húa og gala fyrir utan. Þennan dag gekk og Jón frá siginu vestan í Valahnjúk, sem áður er getið og lét svo um mælt að ekki væri allt með feldu ef girðingin lægi þar niðri þegar smalað væri í haust, eins og verið hefði undanfarið.

#### 6. ágúst, laugardagur.

Var nú ráðningartími Jóns úti og héldum við öll fram í Hlíð. Varð Jón eftir að Barkastöðum, en við fórum að Múlakoti.

Alla næstu viku var ég ýmislegt að starfa utan skógræktarinnar. Var tvo daga hjá Árna og samdi fyrir hann símareikningana.

Fór Þorsteinn inn eftir á mánudag, og lenti þá í að reka rekstur með Sæmundi úr Mörk, sem hann hafði smalað úr heimahögum. Safnið ráku þeir norður á Kápu. Daginn eftir fylgdi ég konu minni út að Þverá. Fór svo með stúlknahóp úr Reykjavík inn á Mörk, og komst alla leið í Bása. Gistu þær hjá okkur um nóttina. En um morguninn kom Árni í Múlakoti með Kjarval og klyfjaðan hest af vistum, sem Kjarval hafði sótt suður í Reykjavík. Fórum við Árni svo með stúlkurnar fram, því tekið hafði ég að mér að koma þeim út að Hvammi á Landi. Hafði Árni orð á því að sér hefði sýnst óvenjumargt fé innar girðingar í Húsadal og sumt engu líkara en á rennsli. Var það satt, og hlaut að vera úr rekstri Sæmundar, en slegið sér fram úr Þröngum og væri nú að leita fram.

Daginn eftir (fimmtudag) fylgdi ég kvenfólkinu út að Fells múla á Landi. Fórum um á Keldum og hitti ég þar Gunnlaug Kristmundsson sandgræðsluvörð. Meintist ég á hrís við hann til sandgræðslu og virðist hann hafa góða trú á því. En telur hins vegar of dýrt að sækja það inn á Merkihol til þess að nota það út undir Þjórsá. Virtist mér hann helst hallast að því að reynt yrði að fleyta því fram Þjórsá úr Búrfelli.

Tækist það með ekki alltof miklum kostnaði skildist mér að hann mundi þá nota allmikið af því víðsvegar um svæði það, er girt var austan Þjórsár í fyrra.

Á Fellsmúla varð ég samnáttu sr. Ólafi Briem presti á Stóra-Núpi. Kvartabi hann yfir að ekkert hefði verið gert til leiðbeiningar um skógarhögg í Búrfelli. Einkum fannst mér á honum, að ýmsum sveitungum hans þætti miður að ekkert hefði orðið úr tilraun þeirri um, að fleyta hrísi úr Búrfelli eftir Þjórsá fram að Gaukshöfða, eins og komið hefði til tals haustið 1923, að gera ef til vill á næstu árum.

Annars skildist mér helst á orðum hans að Hreppamenn hefðu í hyggju að fá skóginn í Búrfelli girtan og friðaðan, svo að skógræktin hefði allan veg og vanda um grisjun hans og alla hirðu að öðru leyti.

Enda er ég þeirrar skoðunar að slíkt væri vel farið. Búrfellsskógur er að ýmsu leyti merkilegur, en þarfnast bráðrar grisjunar. Finnst mér og margt mæla með því að gerð sé tilraun með víðarfleytinga fram að Gaukshöfða. Og tækist hún samilega, sem ég hefi góða trú á, er opnuð leið til þess að selja hrísið, því þegar að Gaukshöfða kemur má aka því á vögnum niður um alla sveit, auk þess, sem talsvert mætti selja til notkunar í sandgræðslusvæðunum austan árinna.

Að minnsta kosti virðist mér sanngjarnt að þetta sé athugað nánar og þess vegna minnst ég líka á það hér.

Að Múlakoti hélt ég á föstudagskveldið og var þar nóttina. Beið ég svo fram eftir degi, ef þeir skyldu koma Þorsteinn og Kjarval. Kom Þorsteinn, en sagði næturgesti hjá Kjarval; hætti ég þá við að fara.

Þessa viku er skógræktinni hvorki reiknaðir dagpeningar né neinn kostnaður annar.

- - -

#### 14. ágúst, sunnudagur.

Fórum við Þorsteinn inn á Mörk. Þennan dag var óvenjumikið um ferðafólk og taldist þeim til, Þorsteini og Kjarval, að 50-60 manns hefði drukkib hjá okkur kaffi, en þeir voru alltaf að hita.



15. ágúst, mánudagur.

Riðum við Þorsteinn inn í Stóra-Enda og gengum þaðan upp á Tindfjöll, og inn á milli Rjúpnafells og Búðarhamars. Er þaðan ágætis útsýni og sáum við allvíða fé, eða samtals 288 á víð og dreif um alla Mörk, að viðbættum 16 kindum, er við hittum í Húsadal, er við komum til baka. Á Goðalandi, í Básun og um Réttarfell töldum við 56.

Talsvert slangur var að sjá í Rjúpnafelli og inn með því að sunnanverðu, en langflest var þó fêð framur í Mörkinni.

16. ágúst, þriðjudagur.

Héldum við kyrru fyrir; allmargt um ferðafólk. Týndi sumt af því hestum sínum, er komust alla leið fram í Hlíð, og varð þá fólkið að gista hjá okkur.

17. ágúst, miðvikudagur.

Fór Þorsteinn út að Múlakoti til þess að fregna um ferðir Skógræktarstjórans og helst að ná samtali við hann. Lánaði ég honum Örn minn. Rigning allan daginn, og héldum við kyrru fyrir.

18. ágúst, fimmtudagur.

Kom Þorsteinn jafnnær aftur; gat hvergi spurt til Skógræktarstjórans. Rigning og fórum ekkert.

19. ágúst, föstudagur.

Töldum við á milli 20 og 30 kindur í Langadal og um Valahnjúk. Gekk ég norður úr Húsadal og niður á fljótsaura. Var þar talsvert um nýjar fjárbrautir og auðsætt að fé væri að slangra innan úr þröngum svo að segja daglega. Sá ég þeim megin um torfurnar 26 kindur.

20. ágúst, laugardagur.

Héldum við allir út að Múlakoti. Átti ég þar von á skrifum að sunnan og ætlaði að járna hestana, en þær voru ekki komnar. En þar biðu mín tvö símskeyti, annað frá skógræktarstjóranum, sent frá Reykjahlíð, þar sem mér var falið að afgreiba girðingarefni með næstu ferð Esju úr Reykjavík og sendast átti til Hallormsstaðar; en hitt skeytið var frá Daníel Daníelssyni, form. Hestamannafélagsins Fáks, þar sem mér var falið fyrir félagsins hönd að stjórna kappreiðum á Strönd á Rangárvöllum daginn eftir.

Símaði ég þá til Eimskip og fékk að vita að Esja færi ekki fyrir en á föstudag. Kom okkur þá Þorsteini þá saman um að síma til Guðsteins tengdafaður hans og biðja hann að fá Bjarna Eggertsson frá Laugardælum til þess að afgreiba efnið, því að Bjarni hafði unnið á vegum okkar um vorið, og öllu þessu kunnugur.

Hélt Guðsteinn að þetta mundi takast. Þjóst ég því við að þurfa ekki að fara suður, en ætlaði þó til frekari fullnustu að síma til Bjarna daginn eftir.

Héldum við svo útum. Spurðum eftir skeifunum á þeim bæjum, sem bílar hafa afgreiðslu en þær var hvergi að finna.

Á Strönd voru nokkrir menn mættir um kveldið, til þess að æfa hesta sína. Fór Þorsteinn upp að Reyðarvatni og var þar nóttina, en ég að Garðsauka til þess að vera sem næstur símanum.

21. ágúst, sunnudagur.

Pantaði ég Bjarna Eggertsson í síma, en fékk þá að vita að hann væri veikur. Varð ég þá afhuga því að byggja nokkuð á honum um afgreiðslu girðingarefnisins og ákvað að bregða mér sjálfur suður með næstu ferð sem félli eftir helgina. Var ég svo á kappreiðunum um daginn, (þar var Glaumur Þorsteins fyrstur og vann 75 kr.) Upp að Geldingalæk fórum við feðgarnir um kveldið og vorum þar nóttina, en Þorsteinn hélt austur að Múlakoti.

22. ágúst, mánudagur.

Um kyrrt á Geldingalæk.

23. ágúst, þriðjudagur.

Skildi ég Einar litla eftir á Geldingalæk og hestana tvo. Reið ég svo fram að Rangá, kom hestinum í geymslu á Garðsstöðum, náði í bílfar hjá Guðm. Guðjónssyni hjá B.S.R. og komst suður um kveldið.

24. ágúst, miðvikudagur.

Kom ég girðingarefninu á afgreiðslu Eimskipafélagsins, og náði svo í skeifurnar. Hafði Árni Gunnlaugsson verið í sumarfríi, og þess vegna voru skeifurnar ekki sendar.

25. ágúst, fimmtudagur.

Komst ég aftur í bíl hjá Guðm. Guðjónssyni og hélt með honum austur að Rangá. Hirti hest minn á Garðsstöðum og hélt svo að Geldingalæk. Var ég þar nóttina.

26. ágúst, föstudagur.

Hélt ég að Múlakoti og var þar nóttina og Einar litli með mér.

27. ágúst, laugardagur.

Hjálpaði Árni mér að járna þá hestana, sem verst voru farnir. Beið ég svo fram eftir degi hvort Þorsteinn kæmi ekki; en þegar þar varð ekki fórum við feðgarnir inn eftir um kveldið. Gerði ég ráð fyrir því, að Árni sækti okkur inn eftir undir eins og skógræktarstjórinn símaði þar um að veru okkar skyldi lokið í Þórsmörk.

28. ágúst, sunnudagur.

Fórum við allir inn á Goðaland, þaðan yfir að Búðarhamri og yfir í Stóra Enda. Sáum við allmikið fé, en köstuðum ekki tölu á það, vegna þess að við hugðum að gera eina allsherjarupptalningu næstu daga. Sérstaklega þótti okkur venju fremur margt fé í Langadal og þar í kring og töldum líklegt að flest af því hefði komið norðan yfir fram úr Þröngum, eins og áður hefir verið minnst á.

29. ágúst, mánudagur.

Smöluðum við Slippugil, Langadal, Valahnjúk og Húsadal og náðum við saman 155 kindum, sem við rákum út um hliðið og sluppu þó 20 í Langadal og hjá Snorraríki. Um kveldið taldi ég 28 kindur vestast í Hamraskógum og í torfunum norður af Húsadal, sem eflaust höfðu komið innan aurinn.

30. ágúst, þriðjudagur.

Helliríging og fórum við hvergi.

31. ágúst, miðvikudagur.

Ríging fram undir nó'n og héldum við kyrru fyrir; járnúðum þá af hestum okkar, sem með þurfti.

1. september, fimmtudagur.

Fórum við í síðustu eftirlitsferðina. Ríðu þeir Kjarval og Þorsteinn inn Hamraskóga og upp að Rjúpnafelli. Sáu þeir á þeirri leið 135 kindur innar girðingar (í Hamraskógum, norðan í Tindfjöllum og um gilin þar, í Rjúpnafelli og þar í kring). En utan girðingar töldu þeir 20 og flest af því með girðingunni í Hamraskógum, enda var þar svo sviðið orðið eins og á stöbli væri.

Við feðgarnir ríðum inn Krossáraura og höfðum ágæta yfirsýn um alla Mörkina að framanverðu, og um Goðaland að norðanverðu. Fórum við alla leið inn í Þrengslin milli Merkurinnar og Teigstungna. Fórum upp á Búðarhamar til þess að sjá sem bezt inn yfir. Töldum við á okkar leið 130 kindur (framan í Mörkinni); auk þess sáum við á Teigstungum 28 og í Múlatungum 10. En um Goðaland (Útgönguhöfða, Bása og Réttarfell taldi ég 91).

2. september, föstudagur.

Fórum við Þorsteinn yfir á Krossáraura og ríðum nokkuð inn eftir Hvannárgili. Sáum við þeim megin í Réttarfelli og um gilin þar um 30 kindur. Þótti mér líklegt að það væri annað fé en það sem ég hafði talið daginn áður í Básum og Réttarfelli.

En eins og er, reynist auðvelt fyrir fé að komast inn úr Hvannárgili, enda mun langflest af því fé sem á Goðalandi var hafa komið þá leið. Miklu sjaldgjæfara að það renni úr Mörkinni fram yfir Krossá þegar ekki kemur styggð að því.

En það sáum við að takast muni mega með tiltölulega litlum kostnaði að loka fyrir Hvannárgil og fyrirbyggja þar með allt fjárrennsli að framan inn í Goðaland. Gizkubum við á, að þeir girðingarspottar mundu aldrei fara fram úr 200 metrum, en samt af þeim verður að vera lausagirðing, sem takast verður upp á haustin, en setjast það snemma niður á vorin, að því sé lokið, áður en fé leitar til afréttar.

### 3. september, laugardagur.

Alla þessa viku hafði engin ferð orðið framan úr Hlíð, og okkur engin skeyti borist. Þjuggum við okkur þá til ferða út í byggð og gerðum helzt ráð fyrir að fara ekkert inn eftir fyrr en við vitjuðum flutnings okkar og sæktum hann, enda lítið orðið um vistir. Var og liðið fram yfir þann tíma er upphaflega var ætlast til að við dveldum í Mörkinni, eftir því sem Þorsteinn hafði skilist á skógræktarstjóranum um sumarið, er hann var á ferð í Mörkinni. Fórum við að Múlakoti um kveldið og fréttum fljótlega að ekkert skeyti hefði komið til okkar.

### 4. september, sunnudagur.

Vorum við í Múlakoti og héldum spurnum fyrir um skógræktarstjóran, en árangurslaust.

### 5. september, mánudagur.

Héldum við enn frá að sáma, meðal annars talaði ég við fröken Unni Eggertsdóttur á Landsímanum og hafði hún ekkert frétt til ferða skógræktarstjórans þá um stund.

### 6. september, þriðjudagur.

Biðum við enn í Múlakoti og urðum engu nær en áður.

### 7. september, miðvikudagur.

Hringdi skógræktarstjórinn og talaði við Þorstein. Var þá ákveðið að veru okkar í Þórsmörk skyldi lokið og ekki annað fyrir hendi en að sækja flutning okkar inn eftir hið bráðasta. Voru hestar þá heimreknir; kom þá í ljós að vantaði tvo mína klára og Glaum Þorsteins. Hugði ég þá að þeir hefðu slangrað inn að Fljótsdal, því þaðan voru mínir hestar kynjaðir. Fóru þeir Árni og Þorsteinn inn eftir og varð ég þeim samierða

inn í Fljótsdal, en þangað höfðu hestar mínir ekki komið. Taldi Úlfar að þeir mundu ekki vera þar í höfum, nema þá einhvers staðar inn á fjalli, og hefðu þá að líkindum farið inn úr ofan við Bleirksárbotna langt upp á fjalli. Taldi Úlfar réttara að leita af sér allan grun utan við Bleiksá, en fyndust þeir ekki þar, skyldi hann láta leita þeirra daginn eftir ~~æ~~ inn á fjalli. Reið ég þá til baka og klöngraðist upp brekkurnar nokkuð fyrir utan Bleiksá. Hitti ég þar engjafólk frá Árhvörn og fékk lánaðan þilt með mér að leita. Fórum við alla leið inn í Bleiksárbotna og leitum svo vestur fjallið. Seint og síðar meir rákumst við á hestana alla í fjallinu fyrir ofan Múla. Höfðum við aðeins til þess að reka þá niður fjallið að Árkvörn, og hélt svo heim að Múlakoti.

#### 8. september, fimmtudagur.

Beið ég fram yfir hádegi, að þeir kæmu innan að, Árni og Þorsteinn. Lögðum við þá feðgarnir af stað og tókum Glaum Þorsteins með, sem skiljast átti eftir í Ölfusinu. Héldum við að Geldingalæk og náðum þangað ~~xíðum~~ síðusta háttatíma. Þar hafði ég lofað að taka fola fyrir Einar söðlasmíð Jónsson frá Gunnarsholti (sá hinn sami sem seldi skógræktarstjóranum litla Jarp.) Vorum við nóttina að Geldingalæk.

#### 9. september, föstudagur.

Fórum við frá Geldingalæk og sem leið liggur út að Þjórsá. Á Þjótanda áðum við 3 stundir og borðuðum þar. Héldum að Ölfusá og áðum þar litla stund. Fórum við svo að Hvammi í Ölfusi og skildum þar eftir Glaum Þorsteins. Þegar niður á Þjóðveginn kom aftur þótti mér full skuggsýnt að leggja á fjallið, eins og tafsamt er að ríða veginn í myrkri vegna bílaumferðarinnar. Náttaði ég mig því á Kotströnd.

#### 10. september, laugardagur.

Héldum við svo vestur um. Fórum upp hjá Reykjakoti og þaðan vestur um heiði og á veg þann, sem nefnist "milli hrauns og hlíða", og komum niður skarðið að Kolviðarhól. Er þetta greiðfær leið og mjög skemmtileg. Er því ekki óhugsandi að hún verði rudd á næstu árum, og þá tekin upp af þeim mönnum, sem ríðandi fara austur yfir fjöll, til þess að forðast bílapvargið á Þjóðvegnum, sem er að verða með öllu óþolandi.

Héldum svo til Reykjavíkur, og kom ég hestunum í gæslu hjá Karli Þórhallssyni, en hann býr innst í Sogamýri.

Var þá ferð þessari lokið, og hafði ég þá verið að heiman 59 daga, þegar frá er dregin vika sú er fyrr getur (frá 7-13 ágúst)

Mánudaginn 12 september reið ég með skógræktarstjóranum upp að Hamrahlíð, þangað sem gróbursett var um vorið.

Hélt ég svo kyrru fyrir í Reykjavík og fór hvergi. Um helgina 9. október hafði verið ákveðið að ég færi með skógræktarstjóranum inn á Mörk, og þess vegna höfðum við hesta okkar í húsi í Tungu frá 6. október. En ferðin dróst.

Þriðjudaginn 11. október, sá ég um flutning á girðingarefni úr skúrum og niður á afgreiðslu Eimskips, en efni þetta átt að fara til Reykjahlíðar.

#### Haustferðin.

##### 12. október, miðvikudagur.

Seinni hluta dagsins lagði ég af stað úr Reykjavík upp að Lögbergi, en skógræktarstjórinn bjóst við að koma daginn eftir.

##### 13. október, fimmtudagur.

Símaði skógræktarstjórinn að hann færi ekki þennan dag, en ég gæti haldið austur. Hélt ég þá af stað og hreppti bullandi rigningu. Símaði ég frá Ölfusá og baðst gistingar á Þjótanda, því að þar vissi ég að hestunum liði betur. Við skálann varð að Hýsa þá en á Þjótanda gnægð ágætra haga. Hélt ég svo austur þangað um kveldið.

##### 14. október, föstudagur.

Tafðist ég allengi hjá Ólafi Ísleifssyni að athuga plöntur, er hann hafði fengið frá Noregi. Sýndi ég honum hvernig hann ætti að grafa þær í jörð og geyma til vors. En þegar þessu var lokið þótti mér full áliðið að leggja af stað austur. Varð ég því aðra nótt á Þjótanda.

##### 15. október, Þáugardagur.

Símaði ég að Múlakoti til þess að fá þar gistingu um kveldið, eða spyrjast fyrir um það. Bjóst ég við af því að verið var að leggja þar inn rafmagn að allt væri fullt. Var mér sagt að gisting væri mér heimil. Þegar ég var að leggja af stað, kom skógræktarstjórinn. Töfðum við hjá Ólafi Ísleifssyni dálitla stund. Héldum svo af stað og urðum samferða austur að Eystri-Rangá. Hélt hann þá að Móeiðarhvoli, en ég áfram austur. Var þá farið að skyggja er ég kom að Núpi, svo ég fór ekki lengra.

16. október, sunnudagur.

Um morguninn vantaði alla hesta mína, sem sleppt hafði verið á tónið um kveldið. Leitaði sonur Guðmundar þeirra og fann tvo þeirra inn undir Tegi. Þann þriðja fann hann á Flókastöðum, er hann gerði aðra tilraun og kom með hann í þann mund er skógræktarstjórinn kom að Núpi. Héldum við svo að Múlakoti.

17. október, mánudagur.

Héldum inn á Mörk og með okkur Guðmundur hreppstjóri og Árni í Múlakoti.

18. október, þriðjudagur.

Snjóaði um nóttina og var ölkasnjór og frostnæðingur er við risum úr húðfötum okkar um morguninn. Fórum við inn á móts við Stöng; sáum hrafl af fé, en skyggni afar slæmt. Síðan fórum við yfir Krossá og út úr hliðinu; það opið. Ribum svo inn í Hvannárgil og aðgættum þar betur hvernig auðveldast mundi að fyrirbyggja rennsli framan að. Í bakaleiðinni hafði ég orð á því hvort ekki skyldi tekin upp lausagirðingin á Krossáraurum, en skógræktarstjórinn taldi ekki þörf á því. Síðan klöngruðumst við upp í Valahnjúk og út þangað sem girðingin er í skriðunni. Var hún skemmd og því líkt, sem væri það af mönnum gert. Gerðum við hana, svo að duga mun vetrarlangt. Þegar út í Húsadal kom var þar fyrir einn skógarmaður utan úr Hlíð með tvo hesta; greiddi ég fyrir honum um skógarhöggið, en áður en því yrði lokið komu 3 menn framan úr Landeyjum, sem ætluðu að fá hrís á 12 hesta. Varð þá úr að ég yrði innfrá nóttina til leiðbeiningar um hrístökuna og hjá mér Hlíðarmaðurinn, en hinir fóru fram, skógræktarstjórinn, Árni og Guðmundur. Unnum við að skógarhögginu fram í myrkur, og vorum þá langt komnir.

19. október, miðvikudagur.

Þegar lokið var að höggva fór ég með girðingunni alla leið upp í Valahnjúk. Í gilinu hjá Morsu var girðingin skemmd og auðsjáanlega af mannavöldum. Þar var stór og þungur sigsteinn reistur upp á rönd, en við það myndaðist op undir girðinguna og það vítt að kindur gátu runnið þar undir, enda sáust glögg merki að svo hefði verið, af ull sem föst var á vírnum. Óhugsanlegt er með öllu að steinninn hefði getað færst úr lagi nema að mannhöndin hefði verið þar að verki. Færði ég steininn í samt lag, sótti síðan hrís, sem ég lét þar til styrktar girðingunni. Að öðru leyti stóð girðingin upp Valahnjúk eins og við höfðum

skilið við hana um sumarið. Síðan reið ég inn í Bása og hitti þar Magnús bónda í Steinum, en hann var að smala Góbaland. Þótti Magnúsi miður að hitta ekki skógræktarstjórann, því við hann kvæðst hann hafa þurft margt að tala. Skilnist mér að það væri aðallega um upprekstur á Góbalandi eftirleiðis, gegn því að smala það haust og vor, Skógræktinni að kostnaðarlausu. Geri ég ráð fyrir að Magnúsi komi suður til þess að ræða um þetta, eða að minnsta kosti skrifi um það, því að mikið virtist honum vera niðri fyrir. Allmikið frost var þennan dag og lagði víða að ánum þegar á kveldið leið, og var dálítið vandfarið, er hestarnir voru ekki skaflajárnaðir. Hélt ég að Múlakoti um kveldið og var þar nóttina.

20. október, fimmtudagur.

Hélt ég að Efra-Hvoli og beið það skógræktarstjórinn. Þaðan héldum við út að Aðisíðu og vorum þar nóttina.

21. október, föstudagur.

Héldum við sem leið liggur út að Ölfusárbrú. Fór ég um kveldið með hesta skógræktarstjórans fram að Kallaðarnesi. Var hann farinn þegar ég kom upp að Skála. Þar var ég nóttina.

22. október, laugardagur.

Nú lá ekki annað fyrir en að losa sig við hestana, en þá ætlaði ég að skilja eftir uppi í Grímsnesi. Þó gat farið svo að ég skryppi austur að til þess að leiðbeina þar um skógarhögg hjá U.M.F. Til vonar og vara símaði ég því til Árna Gunnlaugssonar að senda mér skaflajárn austur að Borg. Einnig símaði ég til Árna í Múlakoti að hafa með sér reyniviðarbút, er hann kæmi suður og hafði skógræktarstjórinn beðið mig um það.

Hélt ég svo upp að Borg, en frétti þar að Jóhannes í sem hestana ætlaði að taka væri fyrir sunnan, eða niðri á Bakka, en við hann var ósamið. Brá ég mér því upp að Laugarvatni um kveldið.

Á Laugarvatni var ég svo alla næstu viku. Var þar tvo daga í skógi með Magnúsi og athugaði skógargirðinguna. Er þar skemmt frá að segja, að við hana þarf mikið að gera, eigi hún að koma að nokkuru gagni. Er hún sérstaklega illa farin í Stórhöfða því þar eru flest allir hornstaurarnir fúnir orðnir og þarf því að endurnýja þá. Mundi þá rétt að breyta henni um leið, eins og komið hefir til mála; flytja þá álmuna út í Stekkatún; mundi girðingin síst lengri en svæðið innan girðingar þá aukast um 1/3 frá því sem nú er. Væri að ýmsu leyti æskilegt að þetta kæmist á þegar á næsta vori, ekki



síst, ef að unglingsaskólinn yrði reistur að Laugarvatni, eins og vel getur orðið enn.

Sunnudaginn 30. okt. fór ég frá Laugarvatni og fram að Minni-Borg. Þangað höfðu engin skaflajárn komið, svo að þar með var útilokuð oddsstöðferðin. Fór ég þá með hestana að Eyvík og kom þeim þar fyrir um tíma.

Mánudaginn 31. okt. tók ég mér fari með Borgarbílnum og náði heim til mín um kveldið. Var þar með ferð þessari lokið og hafði hún tekið 13 daga, þegar frá er dregin vikan, sem ég var á Laugarvatni.

Reykjavík 8. janúar, 1928.

E. Sæmundsen.